

Nd.

1090. Breytingartillögur

[457. mál]

við frv. til 1. um Framkvæmdasjóð Íslands.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (GE).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Framkvæmdasjóður Íslands (á ensku The Development Fund of Iceland) er eign ríkisins og undir fjármálaráðherra.
Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Framkvæmdasjóðs.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Hlutverk Framkvæmdasjóðs samkvæmt lögum þessum er að gæta skuldbindinga sem gerðar hafa verið samkvæmt lögum nr. 97/1976.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Framkvæmdasjóður tekur við öllum eignum Framkvæmdasjóðs Íslands og Mót-virðissjóðs samkvæmt lögum nr. 97/1976, svo og skuldbindingum þeirra.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Fjármálaráðherra ræður forstöðumann til að annast daglega stjórn Framkvæmdasjóðs. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk.
5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Nánari ákvæði um skipulag Framkvæmdasjóðs og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.
6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins.
7. 7.—12. gr. falli niður.